

xxxxskóli

Leiðtogateymi

1 LEIÐTOGATEYMI

Hér er teymið tilgreint, hverjir eru í hópnum og hver er í forsvari. Gott er að staða hvers í hópnum sé tilgreind.

1.1 VERKEFNISSTJÓRI

1.2 LEIÐTOGATEYMI

2 HVERT SKAL STEFNA

2.1 HVAR ERUM VIÐ STÖDD?

2.1.1 Stöðumat

Hvar er skólinn í dag, hver er fyrri frammistaða, hvaða vandamál þarfnast úrbóta? Hverjir eru styrkleikar og veikleikar skólastarfsins? Hvert er ytra umhverfi skólanna? Hverjar eru ógnirnar, hver eru tækifærin?

2.1.2 Hlutverk

Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfhættir skólans skulu mótað af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal skólinn leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Skólinn skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Skólinn skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

2.1.3 Gildi

Hver eru gildi skólans? Hver eru kjörorð hans?

2.2 HVERT ER FERÐINNI HEITID?

2.2.1 Framtíðarsýn

Hvernig verður skólinn í framtíðinni? Hér þarf hópurnar að skilgreina tímasetningar og skilgreina hver sýn hópsins er að þeim tíma liðnum. Framtíðarsýnin felur í sér takmarkið, lokamarkmiðin, hugsjónirnar um hlutverk skólans og gildi.

2.3 HVERNIG KOMUST VIÐ ÞANGAÐ?

2.3.1 Stefna

Hvað skiptir máli? Hvaða aðgerðir skipta máli? Velja þarf raunhæfir leiðir sem stuðla að því að framtíðarsýnin verði að veruleika. Hvað á að gera? Hvað á ekki að gera? Það þarf að forgangsráða til að nýta fjármagn, starfsfólk og aðstöðu á sem besta vegu.

2.3.2 Meginmarkmið

Lýsa þarf að hverju er stefnt og þeim árangri sem stefnt er að. Meginmarkmið þurfa að vera í samræmi við hlutverk grunnskólans og lykilþætti skólustarfsins (læsi, jafnrétti, sjálfbærni, sköpun, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi).

2.3.3 Áfangamarkmið

Áfangamarkmið breyta meginmarkmiðum í viðráðanleg frammistöðumarkmið, sem eru sértæk og mælanleg. Áfangamarkmið eru nokkurskonar vörður milli frammistöðu og þess árangur sem stefnt er að.

2.3.4 Aðgerðaráætlun

Til að stefna nái fram að ganga þarf að stilla upp þeim verkefnum sem nauðsyn er að framkvæma til að markmiðin náist. Skilgreina þarf áfangamarkmið, aðgerðir (hvað á að gera), ábyrgð (hver sér um framkvæmdina) og tímamörk.

2.3.5 Framkvæmd

Skilgreina þarf aðföng, þekkingu, hæfni og stuðning þurfi þess. Skilgreina þarf til hvers er ætlast af hverju og einum.

Mikilvægt er að starfsfólk vinni vel og hafi ánægju af starfinu. Til þess þarf góður stuðningur að vera til staðar. Skilgreina hver innan teymisins styður við og er til taks þurfi þess.

2.3.6 Árangursmælingar

Safna þarf upplýsinga um árangur starfsins. Skilgreina verður mælikvarða og nota þá mæla framgang vinnunnar. Tilgang árangursmælinga má flokka í þrennt: að fá upplýsingar til svo ákvarðanir og stjórnun verði faglegri, að hvetja starfsmenn til dáða með því að að sýna fram á árangur erfiðisins og að sýna fram á að vel sé farið með opinbert fé og stöðugt sé leitað leiða til að nýta fjármagn, annafla og aðstöðu, á sem bestan hátt.

Setja má upp töflu sem inni heldur eftirfarnandi þætti: meginmarkmið, áfangamarkmið, árangursmælikvarða og viðmið (árangurinn sem stefnt er að).

2.3.7 Eftirfylgni

Um er að ræða endurtekið ferli ígrundunar og endurskoðunar. Árangurmælingar eru tæki til að fylgjast með hvernig gengur að vinna að markmiðum stefnunnar. Mælingar gefa niðurstöður og svör. Eftirfylgni merkir síðan ferlið sem tekur við þegar svör liggja fyrir og skilgreingar á hvort umbóta sé þörf, hvað fór vel og hvað ekki. Skilgreina þarf hver fylgist með, hver safnar upplýsingum og hvernig ferlið verður þegar þar að kemur.

3 ÚRRÆÐI

Hér skal gerð grein fyrir hvaða námsumhverfi er búið nemendum. Einnig skal gerð grein fyrir hver er aðkoma kennara að því umhverfi og til hvers er ætlast, hver aðkoma nemenda er að því námsumhverfi, og svo hver aðkoma foreldra er að umhverfinu. Skilgreina þarf námsumhverfið, hlutverk kennara, hlutverk nemenda og foreldra.

3.1 NÁMSUMHVERFI

3.1.1 Unglingastig

Hvert er námsumhverfi nemenda á unglingsstigi. Mælt er með samræmingu og að allir nemendur unglingsstigs vinni í sama námsumhverfi.

3.1.2 Miðstig

Hvert er námsumhverfi nemenda á miðstigi. Mælt er með samræmingu og að allir nemendur miðstigs vinni í sama námsumhverfi.

3.1.3 Yngsta stig

Hvert er námsumhverfi nemenda á yngstastigi. Mælt er með samræmingu og að allir nemendur yngstastigs vinni í sama námsumhverfi.

3.1.4 Hlutverk og staða kennara

Til hvers er ætlast af kennurum varðandi það námsumhverfi sem unnið er í?

3.1.5 Hlutverk og staða nemenda

Til hvers er ætlast af nemendum varðandi það námsumhverfi sem unnið er í?

3.1.6 Hlutverk og staða foreldra

Til hvers er ætlast af foreldrum varðandi það námsumhverfi sem unnið er í?

4 UMGENGNIÐ

Hér skal greina frá ábyrgð og skyldum nemenda og kennara varðandi notkun tækjanna.

4.1 ÁBYRGÐ OG SKYLDUR STARFSMANNA SKÓLANS

Hér skal gerð grein fyrir ábyrgð og skyldum starfsmanna skólans almennt. Það er varðandi upplýsingagjöf, ábyrga miðlun, notkun samfélagsmiðla, myndbirtingar og annað er varðar stöðu kennarans gagnvart öðrum kennurum, stjórnendum, nemendum og foreldrum.

4.2 ÁBYRGÐ OG SKYLDUR NEMENDA

Hér skal gerð grein fyrir ábyrgð og skyldum nemenda skólans almennt. Það er varðandi upplýsingagjöf, ábyrga miðlun, notkun samfélagsmiðla, myndbirtingar og annað er varðar stöðu nemenda gagnvart öðrum nemendum, stjórnendum, kennurum og foreldrum.

4.3 ÁBYRGÐ OG SKYLDUR FORELDRA

Hér skal gerð grein fyrir ábyrgð og skyldum foreldra almennt. Það er varðandi upplýsingagjöf, ábyrga miðlun, notkun samfélagsmiðla, myndbirtingar og annað er varðar stöðu foreldra gagnvart kennurum, stjórnendum, nemendum og öðrum foreldrum.

4.4 UMGENGNI VIÐ TÆKIN

Hér skal gerð grein fyrir því hvernig skólinn ætlast til að umgengni nemenda við tækin sé.

4.5 SKÓLAREGLUR

Skoða þarf skólareglur og hugsanlega endurskilgreina. Hér þarf í einhverjum tilfellum að móta nýjar skólareglur.

4.6 VERKFERLAR VIÐ BROT Á SKÓLAREGLUM

Skilgreina þarf verkferla brjóti nemandi skólareglur.